

1928

6

5
3. apríl

3. gr.

3. gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1930.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalúborg, 3. apríl 1928.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús J. Kristjánsson.

6
11. apríl

KONUNGSBRJEF

um

þingsuppsögn.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Vjer viljum hjermeð veita yður, sem Vorum forsætisráðherra fyrir Ísland umboð til þess í Voru nafni að segja Alþingi slitið, þá er þingið hefir lokið störfum sínum nú bráðlega.

Ritað á Skagen, 11. apríl 1928.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.